

HOLLRÁÐ FYRIR ÚTFLYTJENDUR:

Markaðsrannsóknir í nóv. 95
Grundvallaratriði útflutningsverslunar í des. 95
Heiti og hugtök í alþjóðaviðskiptum í júní 96
Gerð markaðsáætlana í okt. 96
Verðtilboð og innheimta í útflutningsverslun í des. 96
Val umboðsmanna í feb. 97
Verðlagning nýrra vara í okt. 97
Markaðsferðir – undirbúningur, markmið og skipulag í maí 98
Markaðsrannsóknir, 2. útgáfa, í maí 98
Sala til framleiðenda í júní 98
Grundvallaratriði útflutningsverslunar, 2. útgáfa endurskoðuð, í jan. 99
Upprunareglur og fríðindameðferð í jan. 1999

© Útflutningsráð Íslands

Efni: Hulda Kristinsdóttir og Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Próförk: Kristín Jónsdóttir

Hönnun kápu: Ástmar Ólafsson

Prentun: Svansprent hf.

Umsjón: Haukur Björnsson

ISBN 9979-880-28-7

Efnisyfirlit	Inngangur	3
	Viðskiptaupplýsingar, - skipta þær máli?	4
	Vöruflokkun	5
	Tollar, aðflutningsgjöld og skattar	6
	Eftirlit með innflutningi/útflutningi	7
	Gjaldeyriseftirlit	8
	Útflutningsskjöl	9
	- <i>Útflutningsskýrsla</i>	
	- <i>Útflutningsleyfi</i>	
	- <i>Vörureikningur</i>	
	- <i>Staðfestur reikningur</i>	
	- <i>Upprunavottorð</i>	
	- <i>Flutningsskírteini</i>	
	- <i>Heilnæmisvottorð</i>	
	- <i>Önnur vottorð</i>	
	Óbeinar viðskiptahindranir	12
	Reglur um uppruna- og fríðindameðferð	15
	Söluskilmálar,- Incoterms	16
	Greiðsluskilmálar	17
	Útflutningstryggingar	18
	Fjármögnun útflutnings	19
	Viðauki I,	20
	- <i>Sýnishorn af útfylltum útflutningsskjölum ef sent er með skipi</i>	
	Viðauki II,	29
	- <i>Sýnishorn af útfylltum útflutningsskjölum ef sent er með flugi</i>	
	Viðauki III,	34
	- <i>Algengar skammstafanir söluskilmála, Incoterms</i>	

Inngangur

Viðskiptaupplýsingar ná yfir vítt svið, svo sem tolla, aðflutningsgjöld, skatta, reglur um útflutning og innflutning, viðskiptasamninga, vörumerkingar, lög um framleiðslu og markaðsfærslu matvæla og lyfja, umboðssamninga, leyfisveitingar, tilskipanir og lögfestar framkvæmdareglur Evrópusambandsins.

Miklu varðar að kunna skil á alþjóðlegum viðskiptavenjum og að vinna í samræmi við þær. Öll mistök á þessu sviði geta valdið töfum, vandræðum og fjárhagslegu tapi.

Útflutningsráð veitir upplýsingar um undirstöðuatriði útflutnings. Hlutverk þess er m.a. að aðstoða útflytjendur við að ná tókum á réttum vinnubrögðum við flutning afurðanna frá framleiðanda til kaupanda; m.ö.o. að gera útflutningsaðgerðirnar eins skilvirkar og kostur er. Sérfræðingar Útflutningsráðs leiðbeina útflytjendum um skyldur þeirra í flestum málum um útflutning vöru og þjónustu.

Þetta rit „Grundvallaratriði útflutningsverslunar” var annað í ritröðinni *Hollráð fyrir útflytjendur* sem Útflutningsráð hefur gefið út til að styrkja útflutningsaðgerðir íslenskra fyrirtækja og gera þær beinskeyttari og er nú gefið út í 2. útgáfu, endurskoðaðri, einkum hvað varðar kaflann með reglum um uppruna- og fríðindameðferð.

Sem fyrr er ritið gefið út með fjárhagslegum stuðningi Nýsköpunarsjóðs (áður Iðnlánasjóðs) og vill Útflutningsráð þakka sjóðnum stuðninginn og góðan skilning sem hann sýnir málefnum er snerta íslenskan útflutning.

Reykjavík í janúar 1999
Útflutningsráð Íslands

**Viðskipta-
upplýsingar,
- skipta þær
máli?**

Á hverju ári hefja ný fyrirtæki útflutning. Mörg fyrirtæki framleiða eingöngu til útflutnings, önnur hefja útflutning í því skyni að auka hagkvæmni framleiðslunnar með aukinni veltu og betri nýtingu framleiðslutækja. Enn aðrir hafa komið sér fyrir á einum eða tveimur hefðbundnum mörkuðum erlendis en vilja reyna fyrir sér á nýjum markaðssvæðum. Af augljósum ástæðum verða þeir sem hyggja á útflutning að taka mið af stærð fyrirtækis síns, en stærðin ræður þó ekki alltaf úrslitum um hvernig til tekst, heldur fremur hvernig staðið hefur verið að undirbúningi og hversu tilbúnir menn eru að takast á við þær kröfur sem útflutningsverslun gerir til fyrirtækisins. Miklu skiptir að menn séu viðbúnir þeim breytingum sem útflutningsaðgerðir hafa alla jafnan í för með sér fyrir rekstur fyrirtækis.

Þessum bæklingi er ætlað að veita nýjum og smærri útflytjendum fyrstu leiðbeiningar.

Vöru- flokkun

Flokkun vöruhegunda í utanríkisverslun byggist á tollskrárfyrirmynd Tollsamvinnuráðsins í Brussel, samræmdu flokkunarkerfi sem fylgt er í flestum löndum. Vörunúmerin hafa áhrif á hvort framleiðsluvörur fá sérstaka tollmeðferð á viðkomandi markaði og gefa líka til kynna hlutfall tolla af vöruverðinu. Þess vegna er ráðlegt að byrja á að skilgreina rétt vörunúmer.

Leita má aðstoðar Útflutningsráðs við flokkun nýrrar útflutningsvöru. Einnig má leita upplýsinga um vöruflokkun hjá Samtökum iðnaðarins og hjá Tollstjóraembættinu.

Tollar, aðflutnings- gjöld og skattar

Áður en vöruverð er gefið upp verða allir kostnaðarliðir að vera þekktir, þar með talinn flutningskostnaður, tollar, aðflutningsgjöld og skattar kauplandsins.

Nauðsynlegt er að þekkja til hlítar hvernig vörurnar eru metnar til tolls vegna þess að það hefur áhrif á verðið til kaupanda, t.d. er tollur sem lagður er á CIF - verð (sjá viðauka III) reiknaður á tryggingar- og flutningskostnað til viðbótar vöruverðinu. Tollur sem lagður er á FOB-verð (sjá viðauka III) leggst aðeins á vöruverðið.

Aðrir skattar eru víða lagðir á innflutta vöru. Algengastur er virðisaukaskattur. Þessa skatta verður að greiða við tollafgreiðslu, eins og tollana og aðflutningsgjöldin, og fást vörurnar ekki leystar út fyrir en þeir hafa verið greiddir.

Útflutningsráð veitir upplýsingar, eða aðstoðar við öflun þeirra, um tolla, aðflutningsgjöld og aðra skatta á hinum ýmsu mörkuðum. Sendiráð og konsúlar viðkomandi landa geta yfirleitt einnig veitt slíkar upplýsingar.

Eftirlit með innflutningi/útflutningi

Í mörgum löndum er haldið uppi eftirliti með innflutningi. Oftast er stuðst við:

1. Innflutningsleyfi
2. Kvótatakmarkanir
3. Innflutningsheimildir

Í öllum ofangreindum tilvikum er það innflytjandinn sem afla þarf nauðsynlegra leyfa, hins vegar er það hagar útflytjandans að fullvissa sig um að hugsanlegur kaupandi hafi uppfyllt gildandi reglugerðarkröfur.

Þegar flutt er út frá Íslandi er krafist útflutningsleyfa vegna nokkurra vöruflokka. Rétt er að kynna sér í byrjun hvort krafist er útflutningsleyfa vegna þeirra vara sem í ráði er að flytja út og einnig að ganga úr skugga um hvort heimilt er að flytja viðkomandi vörur til þeirra markaða sem ætlunin er að reyna fyrir sér á. Útflutningsráð eða Viðskiptaskrifstofa Utanríkisráðuneytisins veita upplýsingar um útflutningsleyfi og viðskiptatakmarkanir við tiltekin lönd.

Gjaldeyris- eftirlit

Lokahlekkur útflutningskeðjunnar er þegar greiðsla berst og banki útflytjandans hefur staðfest að hann sé búinn að taka við greiðslunni. Nokkur mikilvæg atriði þarf að festa í minni:

- a) Samkvæmt íslenskum lögum eru gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu óheft. Skylt er þó að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem fara fram án milligöngu aðila sem heimild hafa til að annast gjaldeyrisviðskipti eða versla með erlendan gjaldeyri s.s. bankastofnanir.
- b) Í sumum löndum verður að leggja inn umsókn um gjaldeyri til að geta greitt fyrir vörur. Þá er krafist Pro Forma reiknings (verðupplýsinga í reikningsformi) frá útflytjanda til að hægt sé að sækja um gjaldeyrinn. Í öðrum tilvikum er gjaldeyri aðeins veittur þeim sem hafa tilskilin innflutningsleyfi.

Áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar um vænlegan markað er nauðsynlegt að leita upplýsinga um íslensk lög og reglugerðir varðandi gjaldeyrismál og samsvarandi reglur innflutningslandsins. Útflutningsráð og viðskiptabankar veita slíkar upplýsingar eða aðstoða við öflun þeirra.

Útflutnings- skjöl

Ranglega útfyllt eða ófullnægjandi skjöl valda töfum sem geta valdið aukakostnaði, drætti á afgreiðslu eða jafnvel orðið til þess að sending er gerð upptæk í tolli. Mistök í gerð útflutningsskjala stofna ekki aðeins viðkomandi sendingu í hættu heldur einnig áframhaldandi viðskiptum. Óánægður viðskiptavinur er vís til að ákveða að skipta frekar við keppinauta sem kunna betur til útflutningsskjalagerðar.

Raunar er um tvenns konar skjöl að ræða: Annars vegar skjöl sem snerta útflutning frá Íslandi og hins vegar skjöl sem krafist er í innflutningslandi.

Útflutningsráð, viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, sendiráð og konsúlar innflutningslandsins veita upplýsingar um skjöl sem krafist er við útflutning.

Í viðauka I, bls. 20, eru sýnishorn af útfylltum útflutningsskjölum með vörusendingu með skipi og í viðauka II, bls. 29 eru sýnishorn af útfylltum útflutningsskjölum með vörusendingu í flugi.

Útflutningsskýrsla

Allir útflytjendur verða að leggja fram útflutningsskýrslu til áritunar tollstjóra eða umboðsmanns hans. Eyðublöðin fást hjá tollyfirvöldum. Þau eru útfyllt í fjórriti: Eintak fyrir tollstjóra, Hagstofu Íslands, gjaldeyriseftirlit Seðlabankans og eintak fyrir útflytjanda (sjá viðauka I).

Útflutningsleyfi

Ýmsar vörur eru háðar útflutningsleyfum svo sem heill ferskur fiskur og grásleppuhrogn. Eyðublöðin fást hjá viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Vörureikningur/tollreikningur

Vörureikningur vegna útflutnings er samsvarandi vörureikningi í innanlandsviðskiptum en krafist er meiri upplýsinga. t.d. um afgreiðsluskilmála (CIF Kaupmannahöfn, FOB Akureyri), lýsingu á umbúðum, stykkjafjölda og umsamið verð.

Í vörureikningi eiga eftirfarandi atriði að koma fram:

- Nafn og heimilisfang seljanda
- Nafn og heimilisfang kaupanda
- Útgáfustaður og dagsetning
- Pöntunarnúmer eða tilvísun
- Dagsetning pöntunar eða sölusamnings
- Stykkjafjöldi, tegund umbúða, þyngd, merkingar og númer á stykkjum
- Nákvæm lýsing á vöruinnihaldi í sendingu, vöruheiti, númer, tollskrárnúmer, heildarmagn hvernar vörutegundar í stykkjum, þyngd eða máli í samræmi við hefð vörugreinar
- Umsamið verð hvernar vörutegundar
- Afslættir
- Umsamdir kaup- eða afgreiðsluskilmálar

Athuga þarf sérstakar kröfur kauplandsins um upplýsingar sem fram eiga að koma á reikningnum, t.d. á hvaða tungumáli hann þarf að vera, í hve mörgum afritum, o.s.frv.

Í nokkrum löndum, t.d. Kanada, Nígíríu og fleiri samveldislöndum er krafist undirritaðs tollreiknings (Customs Invoice) á sérstökum eyðublöðum. Þau fást yfirleitt hjá ræðismönnum viðkomandi ríkja.

Staðfestur reikningur

Staðfestir reikningar (Consular Invoice) eru gerðir á sérstök eyðublöð sem fást hjá ræðismönnum þeirra ríkja sem krefjast slíkra skjala. Við útflutning til nokkurra Suður- Ameríkuríkja er krafist staðfesta reikninga sem útfylla þarf nákvæmlega samkvæmt kröfum og láta stimpla og staðfesta hjá ræðismanni kauplandsins hér á landi.

Upprunavottorð

Yfirvöld innflutningslandsins geta krafist upprunavottorðs til sönnunar því að vörurnar séu upprunnar í tilteknu landi. Þetta gildir um lönd sem veita vörum upprunnum í ákveðnum löndum sérstaka tollmeðferð. Vottorðið sem krafist er getur verið mismunandi eftir viðtökulandi. Eyðublöð fyrir upprunavottorð fást hjá Verslunarráði Íslands.

Flutningsskírteini

Flutningsskírteini þjónar svipuðum tilgangi og upprunavottorð. Það er skjalfest sönnun þess að handhafi þess eigi rétt á sérstakri tollmeðferð eða tollfrelsi í ákveðnum Evrópulöndum. Sendandi fyllir út eyðublaðið, ábyrgist að upplýsingarnar sem fram koma séu réttar og tollyfirvöld útflutningslandsins staðfesta þær. Eyðublaðin fást hjá tollstjóra.

Heilnæmisvottorð

Heilnæmisvottorða er krafist í mörgum löndum við innflutning matvæla. Fiskistofa lætur í té og staðfestir slík vottorð fyrir fiskafurðir en yfirdýralæknir fyrir kjötvörur og fiskeldisafurðir.

Önnur vottorð

Oft er krafist annarra vottorða með ákveðnum vörum og til ákveðinna landa. Best er að leita upplýsinga hjá Útflutningsráði um hvaða skjala og/eða upplýsinga er krafist til nýrra viðskiptalanda.

Óbeinar viðskipta- hindranir

Margvíslegar viðskiptahindranir geta verið í viðskiptum landa á milli fyrir utan tolla og aðflutningsgjöld. Staðla þarf að uppfylla, sérstakar kröfur geta verið um merkingar, kröfur um að nafn upprunalands sé merkt á vöruna og strangar kröfur gilda iðulega um matvæli og lyf. Miklu skiptir að kynna sér reglur kauplandsins til hlítar og fullvissa sig um að hægt sé að uppfylla kröfurnar.

Lyf og heilsuvörur

Sérstakar kröfur eru gerðar um sölu á lyfjum til annarra landa. Mismunandi kröfur eru gerðar eftir löndum og er nauðsynlegt að kunna skil á þeim svo sem kröfum um vottun, skilgreint gæðaeftirlit, prófun og viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda í útflutningslandinu og/eða innflutningslandinu.

Kröfur um vörumerkingar

Á öllum vörum sem ætlaðar eru til dreifingar í smásölu verða að koma fram ákveðnar upplýsingar til leiðbeiningar og verndar neytendum.

Auk þess að uppfylla lögfestar kröfur milliríkjasamninga eða samninga um tollmeðferð, sem viðskiptalandið er aðili að, getur þurft að uppfylla kröfur sérstakra reglugerða um vörumerkingar og pökkun vörunnar í viðkomandi landi. Kröfurnar um merkingar fara líka eftir því um hvaða vörur er að ræða. Nægir hér að nefna merkingar fyrir:

- Matvæli
- Lyf
- Ofin efni
- Húsmuni
- Vinnsluleyfisnúmer
- Hættulegar eða varhugaverðar vörur

Leita þarf upplýsinga um öll þessi atriði og uppfylla kröfurnar eins og fyrir er lagt. Rétt er að minna sérstaklega á kröfuna um skráð vinnsluleyfisnúmer framleiðenda fiskafurða á umbúðir og útflutningsskjöl þegar flutt er út til aðildarlanda Evrópusambandsins. Upplýsingar um vinnsluleyfishafa og leyfisnúmer fást hjá Fiskistofu.

Sýnishorn af vörum (hluti af farangri eða í vörusendingu)

Þegar vörusýnishorn eru flutt inn ótímabundið er farið með þau eins og aðrar vörusendingar. Krafist eru sömu skjala, tollmeðferðar og greiðslu tolla og aðflutningsgjalda eftir því sem við á.

Sýnishorn, sem flutt eru inn tímabundið og síðan út aftur til upprunalandins, má flytja á svonefndu ATA Carnet skírteini sem heimilar tímabundinn inn- og útflutning. Upplýsingar um notkun þess fást hjá Útflutningsráði. Verslunarráð Íslands útbýr slík skjöl fyrir þá sem þess óska.

Umboðssamningar

Reglur um samninga við umboðsmenn eru mismunandi eftir löndum. Því er mikilvægt að útflytjendur leiti sér upplýsinga og leiðbeininga áður en gengið er frá samningum við umboðsmenn á erlendum mörkuðum. Útflutningsráð og Verslunarráð geta veitt leiðbeiningar um gerð umboðssamninga. Mælt er með því að fyrirtæki ráðgisti við viðskiptabanka og/eða lögfræðing sem kunnugur er alþjóðaviðskiptum þegar gera á samninga við umboðsmenn.

Vörumerki

Rétt er að kanna hvort firmamerki og vörumerki fyrirtækisins eru þegar skráð í innflutningslandinu. Við skráningu vörumerkis eða firmamerkis þarf að leita aðstoðar sérfræðings tímanlega til að fá slíkt löglega skráð.

Umbúðir og þökkun

Umbúðir eru lykilatriði í útflutningi:

1. Neytendaumbúðir

Umbúðum um vörur til dreifingar í verslunum er ætlað að hafa margs konar áhrif á neytandann. Upplýsingar sem útflytjandinn verður að setja á umbúðirnar, eða má ekki setja, eru háðar reglugerðarkröfum. Dæmi um slíkar kröfur eru nefnd á bls.12.

2. Ytri umbúðir

Ytri umbúðir eru ætlaðar til að hlífa vörunum eins og kostur er að teknu tilliti til kostnaðar og flutningsmáta. Miklu skiptir að vanda til umbúða fyrir útflutningsvörur, taka tillit til loftslagsbreytinga, fjarlægða og meðferðar sem búast má við í flutningunum. Aðvaranir um meðferð vörueninga ætti að sýna með alþjóðatáknum á umbúðunum, t.d. brothaett, flytjist við ákveðið hitastig o.s.frv.

Athuga þarf að ekki sé bannað að nota tiltekin efni í umbúðum eða til uppfyllingar svo sem dagblaðapappír, hálm eða hefilspæni.

**Reglur
um
uppruna-
og fríðinda-
meðferð**

Samkvæmt ákvæðum samninga um Evrópska efnahagssvæðið skal greiða toll og önnur aðflutningsgjöld við innflutning til viðkomandi lands. Sérstaklega ber að gæta þess að greiða tolla af íhlutum og hráefni til framleiðslu vara sem ætlunin er að flytja út til landa innan Evrópusambandsins eða EES. Að öðrum kosti glatast rétturinn til að njóta fríðindameðferðar í samræmi við ákvæði samningsins.

Útflytjandi þarf að geta lagt fram fullgild sönnunargögn um uppruna varanna. Um getur verið að ræða annars vegar Eur 1 skírteini/flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi.

Virðisaukaskattur

er yfirleitt greiddur við innflutning um leið og tollar og aðflutningsgjöld eru greidd. Um endurgreiðslu eða niðurfellingu virðisaukaskatts við aðvinnslu vara gilda samsvarandi reglur og um tolla.

Rétt er að leita upplýsinga um tollmeðferð vöru og reglur um virðisaukaskatt í innflutningslandinu hjá tollyfirvöldum og hjá Útflutningsráði.

**Sölu-
skilmálar,
- Incoterms**

Þegar vöruverð er gefið upp til erlendra viðskiptamanna er mikilvægt að báðum aðilum sé ljóst hvað er innifalið í verðinu og hvor taki á sig hinn ýmsa kostnað, s.s. tolla, aðflutningsgjöld, flutningskostnað og váttryggingu. Til þess að forðast misskilning er stuðst við alþjóðleg, stöðluð heiti í söluskilmálum, svokölluð *Incoterms*. Þessi heiti gefa til kynna hvaða kostnaður er innifalinn í vörureikningi og sýna jafnframt hverjar eru skyldur útflytjandans gagnvart flutningi, tryggingum og umbúðakostnaði.

Það er mikilvægt þegar gengið er frá pöntun eða við frágang útflytningsskjala að skrá söluskilmálana með réttum heitum, t.d. CIF Gautaborg eða FOB Eskifjörður.

Í viðauka III á bls. 34 eru sýndar nokkrar algengar skammstafanir söluskilmála.

Hjá Verslunarráði Íslands hefur fengist bæklingur Alþjóðaverslunarráðsins, *Incoterms*, með fullkomnum lista yfir þessi heiti, skammstafanir og skýringar.

Greiðslu- skilmálar

Greiðsluskilmálar, þ.m.t. lánsfrestir sem erlendum kaupanda eru boðnir, eru mikilvægur þáttur í því að koma á viðskiptum. Skilmálarnir sem boðnir eru miðast ekki eingöngu við samkeppnisstöðuna á markaðnum og hefðir í heimalandi heldur einnig fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptahætti í kauplandinu og lánstraust kaupandans.

Algengustu greiðsluaðferðir í viðskiptum milli landa eru fjórar og fela mismikið öryggi í sér fyrir útflytjandann. Þær eru:

- Fyrirframgreiðsla
- Bankaábyrgð
- Víxill
- Opinn reikningur

Viðskiptabankar og Verslunarráð Íslands geta aflað upplýsinga um fjárhagsstöðu og greiðslugetu erlendra fyrirtækja. Auk þess veita bankarnir upplýsingar og ráðgjöf um heppilegustu aðferðir við innheimtu greiðslna frá erlendum viðskiptamönnum.

Útflutnings- tryggingar

Útflutningstryggingar hafa enn sem komið er ekki náð verulegri útbreiðslu hjá íslenskum útflytjendum. Kemur það að nokkru leyti til af því að megnið af vöruútflutningi landsmanna hefur verið á fárra höndum og stórir söluaðilar hafa bæði búið við talsverða áhættudreifingu og auk þess myndað varasjóði til að mæta greiðslufalli hjá kaupanda. Útflutningur stóriðjufyrirtækja byggist að mestu leyti á traustum viðskiptasamböndum. Þau hafa því takmarkaða þörf fyrir útflutningstryggingar.

Tryggingadeild útflutningsslána hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins tekur að sér að tryggja lán og kröfur vegna útflutnings. Ábyrgðir eru veittar útflytjendum sem vilja draga úr áhættunni vegna útflutningsviðskipta. Þeir geta tryggt kröfur sínar gegn viðskiptaáhættu og stjórnmalalegri áhættu, hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskri vöru og þjónustu.

Upplýsingar um útflutningstryggingar fást hjá Útflutningsráði, viðskiptabönkum og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Fjár- mögnun útflutnings

Fjármögnun útflutnings hefur um nokkuð langt skeið verið í fremur föstum skorðum. Auk margvíslegrar fyrirgreiðslu viðskiptabanka, svo sem skammtímalána, trygginga , ábyrgða og innheimtuþjónustu, standa framleiðendum sjávarafurða til boða afurðalán og framleiðendum iðnaðarvara framleiðslulán. Þá hafa framleiðendum iðnaðarvara einnig staðið til boða rekstrarlán sem veitt eru út á staðfestar pantanir erlendis frá.

Viðskiptabankar og Útflutningsráð veita upplýsingar um fjármögnun útflutnings.

Viðauki I

**- Sýnishorn
af útfylltum
útflutnings-
skjölum ef
sent er með
skipi**

Viðauki II

**- Sýnishorn
af útfylltum
útflutnings-
skjölum ef
sent er með
flugi**

Viðauki III

**- Incoterms,
algengar
skamm-
stafanir
söluskilmál
a**

Hjá Verslunarráði fæst bæklingur Alþjóðaverslunarráðsins með fullkomnum lista yfir stöðluð heiti, skammstafanir og skýringar söluskilmála. Algengust eru þessi:

EXW	EX WORKS - frá verksmiðju (staður tilgreindur).
FCA	FREE CARRIER- frítt um borð í flutningsfar (staður tilgreindur).
FOB	FREE ON BOARD - frítt um borð (afskipunarhöfn tilgreind).
CIF	COST, INSURANCE AND FREIGHT - kostnaður, trygging og flutningskostnaður (áfangastaður tilgreindur).
CFR	COST AND FREIGHT - kostnaður og flutningskostnaður (áfangastaður tilgreindur).
CIP	CARRIAGE AND INSURANCE PAID TO - kostnaður og tryggingar (áfangastaður tilgreindur).
DDP	DELIVERED DUTY PAID - afhent ásamt greiddum tollum og aðflutningsgjöldum (áfangastaður tilgreindur).
DDU	DELIVERED DUTY UNPAID - afhent án greiðslu tolla og aðflutningsgjalda (áfangastaður tilgreindur).

logo
Útflutningsráðs

var sett á laggirnar í samstarfi fyrirtækja,
samtaka atvinnulífsins og opinberra aðila.

Hlutverk Útflutningsráðs er að efla útflutning
og almenna markaðsvitund íslenskra fyrirtækja.
Einnig er Útflutningsráð stjórnvöldum til ráðgjafar
um málefni er varða íslenskan útflutning
og fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi.

Til að sinna þessu hlutverki
veitir ráðið útflytjendum á íslenskum vörum og þjónustu
faglega aðstoð á sviði markaðspekkingar og ráðgjafar.

Það er gert með margvíslegum hætti:

Markaðsráðgjöf
Fræðslu og þjálfun
Almennum markaðsupplýsingum
Sýningarþátttöku
Skipulagningu ferða viðskiptasendinefnda
Kynningu á Íslandi sem fjárfestingarvalkosti
Útgáfustarfsemi
Ráðgjöf til stjórnvalda og hagsmunaaðila